

## Tilgangur og markmið

Ístex býr til verðmæti úr íslenskri ull og styður við íslenskan ullariðnað. Við viljum láta gott af okkur leiða og vera framúrskarandi félag á öllum sviðum sem horft er til.

Við einsetjum okkur að vera í forystu við framleiðslu á vörum og þjónustu tengdri íslenskri ull. Markmiðið er hafa væntingar og kröfur hagsmunaaðila að leiðarljósi og fylgja þeim kröfum sem settar eru varðandi umhverfismál, mannauðsmál og öryggismál. Gæðakerfið nær til allrar starfsemi Ístex til að leiða til betri þjónustu, tryggja vörugæði og styðja við umbætur. Við stefnum á að uppfylla kröfur ISO 9001.

## Áherslur

Starfsemi og rekstur Ístex á að einkennast af

- Fagmennsku og metnaði starfsfólks sem býr yfir mikilli hæfni og þekkingu.
- Skilvirkri og hagkvæmri þjónustu sem hjálpar íslenskum sauðfjárbændum og viðskiptavinum sem mest og best.
- Stöðugri þróun og umbótum til að uppfylla væntingar og kröfur starfsfólks, ullarinnleggjanda og viðskiptavina.

Lykilgildi til að vel megi takast.

- Umhverfisstefna til að hafa sem mest jákvæð áhrif á sjálfbærni og umhverfismál.
- Mannauðs- og launastefna til að tryggja að það ríki öryggi, vellíðan, traust, jafnrétti og sterk liðsheild.
- Öryggisstefna til að tryggja öryggi starfsfólks og gesta.
- Mælanleg markmið og eftirfylgni til að tryggja betrubætur.

## Góð samskipti

Mikilvægt er að boðleiðir séu skýrar og samskipti hrein og bein. Við viljum öflugt upplýsingaflæði á öllum sviðum.

## Ábyrgð

Það er sameiginleg ábyrgð yfirstjórnar og starfsfólks að framfylgja gæðastefnunni og tryggja framgang og þróun ullarmála á Íslandi.

Fyrir hönd Ístex,



Sigurður Sævar Gunnarsson  
Framkvæmdastjóri